Rechnen.
6. Klaß.

Rechnen

I. Kl. | 6. Klaß

# Viljinn

Lestrarfjel. blað í Miklabæjarsókn.

| I. ár | 12. des. 1898. | 6. blað. |
| --- | --- | --- |

## Hún fóstra mín!

Það hefur margt verið ritað og rætt um landið okkar, og sem von er, eru ekki allir á sama máli um hana fóstru sína.

Mönnum þessum má skipta í tvo gagnstæða flokka, en auðvitað er, að þar í millum má finna marga millibils flokka, því svo er margt sinnið sem maðurinn er.

Í öðrum flokknum, eru allir þeir sem halda landinu fram, rita og ræða um gæði þess, framfarir og hulda fjársjóða benda á ýmislegt sem betur má fara og hvetja menn til framfara í ýmsu er lýtur að því, að klyrma að landinu

— v.

og auka gæði þess. Vinna sjálfir að
því eptir megni og eptir því sem hver
og einn er settur í mannfélaginu.
Þessir menn eru kallaðir framfara-
menn og eru þeir að mínu áliti –
hvort sem þeir eru lærðir eða ekki –
hinir þörfustu og sannnefndir leiðtogar
þjóðarinnar og sýna það í flestu að
þeir elski hana fóstru sína, og má
vel eigna þeim þessi orð: „Ég vil svar-
inn sonr þinn dyggur, samur vera
í dag og í gær."
Hinn flokkurinn eru þeir sem
lasta landið rita og ræða um ófrjósemi
þess, hæðast að öllum framförum
og breitingum; trúa því að það borgi
sig ekki, að gjöra landinu til góða;
efast um að það eigi hulda fjársjóðu
til í eigu sinni, og eru á móti öllu
því er breiting getur heitið, frá því
sem þeir hafa vanist.
Þessir menn eru kallaðir aptur halds-
menn og bera þeir nafn með rentu.
Þeir sýna það í fáu að þeir elski
fósturjörðina, nema ef vera skyldi í því,

hvað þeir eru fastheldnir við það gamla.
Ég get því ekki álitið þá eins þarfa
eins og framfara mennina, og get ekki
eignað þeim hin sömu orð, enda eiga
þeir þau ekki, því þeir elska ekki landið
eins heitt eins og hinir. En þótt þeir
lasti hana fóstru sína, vil eg ekki segja,
mér þykir það of svæsið og það er það
vissu lega. „Hver þér annar alls ótryggur,
eitraður visni niður í kör."
Ég held því hiklaust með framfara-
mönnunum og þótt þeir komi með margt
í ritum sínum og ræðum, sem lopt-
köst geta kallast og sem virðast ófram-
kvæmanleg í byrjun, þá er það góðvilja
vert, og opt fer það svo á endanum, að
það þykir ~~ég~~ nytsamt og sönn framför,
og þótt þessir menn, geti ekki sjálfir
framkvæmt uppá stungur sínar má alls
ekki lasta þá fyrir það, þeir eru opt öðru
háðir og geta því ekki sinnt því, svo er
með ýmsa lærða menn, þeir eru bundnir
við embætti sín, og eiga því erfitt með
að sýna það í verkinu, að ýmsar uppá
stungur þeirra um landbúnað eða framleiðslu

f gulls af landinu séu á rökum byggdar; þeir geta adeins gefið bendingar, en það eru bændurnir sem bæði gjöra og geta það.

Vér meigum því ekki áfella hina lærðu menn, þótt þeir eigi beint leggji gullið upp í hendurnar á okkur; vér verðum að gjöra oss ánægða með, að þeir segji oss frá því, og hvernig vér skulum fara að, til að framleiða það og vér meigum vera þakklátir við þá fyrir það og montnir yfir að eiga slíka menn í landi voru.

Það hefði orðið lítið um framfarir hjá oss ef aldrei hefði komið nein uppástunga frá hinum menntaða flokki þjóðar vorrar, enda er það eðlilegt því frá menntun og þekkingu stafar öll sönn framför. Allar framfarir yfir það heila tekið eru framfaramönnum að þakka, þeir hafa stofnsett búnaðarskólana, en allir sjá eða að minnsta kosti ættu að geta séð, að þeir skólar hafa gjört stórmikið gagn í framfara-áttina, þeir hafa kennt oss ýmislegt sem lýtur að því að grafa upp hina huldu fjársjóðu í landinu og margt fleira sem snertir landbúnað, en það er ekki þeirra skuld, þótt vér höfum ekki vilja á því eða krapt til þess.

Margt fleira mætti nefna, sem framfaramenn hafa gjört landinu til góða, en það yrði of langt mál, að telja það upp og ætla jeg því algjörlega að sleppa því.

Hvað gjöra nú aptur haldsmennirnir á meðan hinir stafa að viðreisn landsins? Það er nú harla lítið og ekki neitt eða að minnsta kosti sést lítið eptir þá, og það lítið það er, þá stefnir það í öfuga átt, þeir pukra sér og hafa lítinn fjelagsskap; þeir nurla opt saman miklu fé og hugsa ekki um þótt þeir rýi ~~ti~~ og skemmi jörðina sem þeir búa á, því þeir halda þeirri skoðun til dauðans, að landið sé svo ófrjótt að til einkis sé að grafa, það geti ekki batnað eður gefið meira af sér.

þessir menn eru því að mína áliti mjög óþarfir, því þeir eru opt þrepskjöld- ur eða farar-tálmi á vegi framfaranna.

Er, nú nokkur sönnun fyrir því að hún fóstra vor „Eyjan kalda" gefi af sér gull eður eigi nokkra hulda fjár- sjóðu í skauti sínu, sem tilvinnandi sé að grafa eptir? Já vissulega.

Hvað það snertir að landið gefi af sér gull, þá er það eins áreiðanlegt eins og það að landið er byggt og það er nóg sönnun, að á landinu í margar aldir hafa lifað mörg þúsund- manna eingöngu á afrakstri þess og sjávarins í kringum strendur þess. Vér skoðast afrakstur sem gull því hann er gulls virði. En hvað það snertir, að hér séu huldir fjársjóðir í jörðu, þá er það og einnig áreiðanlegt þótt því verði ekki ausið með lúkunum upp í stór ílát eins og hugmyndir sumra eru hér um gullnámurnar í Ameríku

Nei, hér eru engar gullnámur, dalakútar eða gullkistur í beinni merkingu, heldur óbein línis. Já við þurfum að hafa mikið fyrir að finna þessa fjársjóðu. Vér þurfum að grafa og umróta jörðunni og meigum ekki láta hugfallast, þótt vér finnum lítið í fyrsta skipti, heldur reyna aptur og í þriðja sinn.

Vér þurfum að rífa í sundur þúfurnar, þurka upp mýrarnar og forarflóana, girða túnin, gjöra flæðengi og ýmisl. f.l. Í einu orði sagt: Vér þurfum að rækta jörðina svo hún gefi af sér mikið meira en hún nú gefur.

Þá eru hinir huldu fjársjóðir fundnir. Að þetta borgi sig vel eða gefi gull í mund, er nóg sönnun fyrir, og það eru margir bændur hér í Skagafirði,- sem og víða annarstaðar- sem glaðir mundu játa það, að þeir á þennan hátt hafi fundið hulinn fjársjóð í jörðunni.

Það er annars skrítin tilgáta, sem apturhalds menn hafa komið fram

með, neðri l. sú, að landið sé svo áfrjótt og hrjóstugt að til enskis sé að grafa, allstaðar komi maður niður á blágrýtis klöpp. Hún dregur úr viljanum, voninni og löngunnini til að bjarga sér eður bæta landið. Hún hefur að vísu við rök að styðjast, hvað óbyggðir og öræfi landsins snertir, en til byggða eður á láglendi hefur hún enga stoð og er því röng og ósönn. Jarðvegurinn þar er víða góður og sumstaðar ágætur; það þarf ekki að fara mörgum orðum um slíkt; hún fóstra okkar sannar það sjálf — og það ekki síst hér hjá okkur Skagfirðingum, — þegar hún á vorin sendir oss sína gulllnu strauma frá hæðum sínum útyfir láglendið, og frjóvgar það svo það ber margfaldann ávöxt.

Það er því fagurt og þarft verk, að hjálpa Kerlingar Jaudrum til, svo hún enn þá betur geti dreypt straumum sínum um engi vor þeim til ræktunar, en það getum vér með skurðum og fyrir stöðu görðum, og þar tökum vér ekki steininn í staðin.

Vér erum að vísu fátækir og getum ekki lagt fram fje til stór fyrirtækja. Vér verðum því að fara hægt og sígandi og ef viljinn er góður má miklu áorka til endurbóta og framfara. „Já mikið má góður vilji; og ef allir leggjast á eitt, og verða samhuga og samhentir í því að hjálpa gömlu konunni, þá myndi hún efalaust rísa úr rústum sínum og verða blómleg mær eins og hún var til forna.

Elskið því fósturjörðina og hafið það hugfast, að reynast henni trúir og dyggir synir. Já:

„Blessaða land á brjóstum þér:
þiggjum vér þrótt og líf,
þægindi, skjól og hlíf!"

Gísli Björnsson

# Svar
## til ritstjórans.

Eg er svo gamall sem á grön-um má sjá og hef því áldrei séd eda heyrt ritad í dagblöd um slátur, lifrapilsu, sperla og svo frv.; gimbrar lömb á bæjum og fl. því um líkt. Eg verd ad álíta ad herra ritstjóri „Viljans" álíti félagsbrædur sína allt of smekklitla fyrir nú tímanum, þar hann spyr þá ad, hvort rita skuli um mat í blad vort, sem ætlast er til ad lífgi og fjörgi menn í vetr-ar skammdegis skugga nátt-úrunnar med frádleik og skemti-legum rithætti.

Ad vísu þurfa menn og mál-leysingjar fædunnar vid; en án þess eg meidi höfundinn, efast eg um, ad hann nákvæmt geti skýrt frá hvad mikid þarf af hverju efni fyrir sig í blód og lifur úr 10 dilkum: hvad mikid vatn, hvad mikid mjöl, hvad mikinn mör, hvad kúmen, hvad mikid salt, hvad mikid kjöt, hvad mikla fitu, hvad mikid salt í sperdilinn, svo fæda þessi verdi á bord borin fyr-ir háttvirta gesti.

Eg held eg muni þad rétt, ad í 1. bladi „Viljans" hafi ritstjórinn óskad eftir ad menn tækju saman höndum ad styrkja blad vort; en lítill styrkur mun ad því, ad vid karlarnir ritum um mat-ar tilbúning, — því þad mun fleir-um akkur af vaxid.

Eg med fáum ordum skal láta skodun mína í ljósi þegar vid ætl-um ad halda uppi dagbladi les-endum vorum til skemmtun-ar, ættu sem flestir ad taka til máls; vid höfum nóg ad rita um; vid getum ritad um menntun og framfarir; vid getum ritad um búskapinn; vid getum ritad um medferd skepna; vid getum ritad um kynbætur: fjár, hesta og

nautgripa. Eg hefi oft heyrt
talad um kynbætur fjár og jafnvel
hesta, en eg man ekki til ad eg
hafi heyrt talad um kynbætur
nautgripa, en þó vilja allir ad
kýrnar sínar mjólki sem best,
og allir hljóta ad játa, ad þad sé
stóri munurinn ad eiga góda
kú, en ónýta í fjósinu.

Því midur mun þad algeng
venja manna ad ala upp und-
an einhverri kunni í fjósinu,
þótt allar séu nytlar. Þetta ætti
ekki ad eiga sér stad, heldur ættu
menn ad fara til náungans og
kaupa af honum kálfinn sem
hann ætlar ad eydilegja und-
an gódu kúnni sinni.

Alveg þarf eins ad vanda naut-
id sem kvíguna.

Líka skulum vid hafa þad hug-
fast, þegar vid byggjum fjósin
okkar, ad hafa þau há og loftgód,
björt og hlý, og aldrei ætti ad gefa
kúm í bása heldur í jötur, svo
fódrid fari ekki til spillis; þad
þarf ad vera gott og mikid. Og aldr-
ei ætti ad gefa þeim kalt vatn
heldur innistadid, og ætíd ætti ad
gefa þeim meira eda minna af
nytinni úr sér, 2—3 fyrstu mál-
in; þad gerir kúna hraustari,
og því hraustari sem hún er,
því betur mjólkar hún.

En fremur þurfa þær ad hafa
sérlega gott atlæti hjá fjóskon-
unni. Med þessu móti getum
vid átt gódar kýr.

S. J.

„Ritstjóri „Viljans" tekur þeg-
insamlega á móti slíkum grein-
um og þessi er, þar hún lýsir djúpri
dómgreind, samhlida hreinskilni
og þekkingu. Og þad mun ekki
öllum tileinkast sú list, ad geta
bent á gallana og villurnar, med
jafn skýrum og óhrekjanlegum
dæmum, lipurd og gætni, sem
hinn heidradi höfundur gerir
í grein sinni, hér ad framan.

Ad hrinda af oss þeim bögu-
mælum, meiningum og vitleysum,

mein lökum og matarslettum,
sem hinn heiðraði höfundur,
hefur séð og gert athuganir og
rannsókn við í grein vorri,
og sem vér höfum ritað öðrum
fleiri meiri mönnum til leið-
inda, — finnum vér oss ekki
færa ~~um~~, ~~að~~ gera. Enda mun
virðast rétt, að hver vendi að
sætta sig við sín eigin afglöp og
við sína eigin flónsku. — —
Þar sem aldrei hefir verið út-
skýrt orðið „dagblað“, kunnum
vér hinum heiðraða höfundi
þakkir fyrir, að hitta á, að brúka
það í hinni eðlilega réttu merk-
ingu. Það hlýtur hvert manns-
barn að skilja það, að hvert það
blað, sem gengur leið sína að eins
á daginn, ber með réttu nafnið
dagblað; en aftur á móti, ef
blaðið væri látið ganga leið sína
um nætur eða á nóttunni, að
því héti það næturblað.
Og loks, munu hinir fáfróðu
lesendur „Viljans“, þykja merki-

legt að lesa um kynbætur þær,
sem hinn heiðraði höfundur fer
mörgum og góðum orðum um, í
þessu svari sínu til ritstjórans, —
og það því fremur, sem aldrei fyr
hefur verið minnst á það mál, í
hinum menntaða heimi. Væri því
æskilegt, að úr sömu átt kæmi
við og við, glöggar leiðbeiningar
um búnaðarhætti, í blaði voru,
þar sem ritstjóri þess er sérvitr-
ingur og vankunnandi og þar
af leiðandi getur ekki fullnægt
tilgangi blaðsins.
En það er að eins eitt, sem vér
með hálfum hug, finnum að, við
hinn heiðraða höfund, og það er,
að hann skuli dylja nafnið sitt,
sem ætti þó að skrifast betur og
stærra, en öll önnur nöfn í
„Viljanum“.
Aumingja ritstjóri „Viljans“,
ætti að tileinka sér þessa vísu, ef
hann kynni annars að skamm-
ast sín:
Auðnu-byr ei öllum lér,

alfaðir sem veldið ber:
Svo til dyra kemur hver
klæddur fyrir sem að er.

Ritstjórinn.

## Dálítið samtal.

(Aðsent).

Gesturinn: „Sæll og blessaður vertu! Ég þakka þér fyrir gamalt og gott!"
Bóndinn: „Komdu nú blessaður og sæll! og ég þakka þér sjálfum mikla framan. Hvað er nú að frétta?"
Gest.: „Og ekki svo sem neitt!"
Bónd.: „Það er langt síðan við höfum sést. Gjörðu nú svo vel og settu þig inn, meðan þú segir fréttirnar".
Gestur: „Takk!" — „O já, það er nú nokkuð langt síðan; ég gjöri nú ekki svo mjög víðreist — sút nú orðið!"
Bónd.: „Er ekki pestin að drepa fyrir ykkur?"
Gest.: „Jú, hún hefur verið að smá drepa að öðru hverju; en það er nú vonandi að fari að draga úr henni, því nú er farið að bólusetja féð, og mælir margt með því að það sé mjög gott".
Bónd.: „Hvernig eru heimtur hjá ykkur?"
Gest.: „Þær munu vera misjafnar eins og oft er".
Bónd.: „En eru þeir nú búnir að heimta stóðið sitt?"
Gest.: „Stóðið sitt! Ég held þeir viti nú fremur lítið um það sumir hverjir; þeir gera sér nú ekki mjög mörg ómök til að grennslast eftir hvernig því líður".
Bónd.: „Nú —, smöluðu þeir þá ekki á dögunum?"
Gest.: „Jú, að vísu gerðu þeir það nú og það fremur rækilega; en það kom enginn maður hér framan að, eins og um hafði þó verið talað".
Bóndi.: „Hvað átti hann að gjöra?"
Gest.: „Hefur þú ekki heyrt það?"
Bónd.: „Nei!"
Gest.: „Þá get ég sagt þér það. Á niðurjöfnunarfundinum í haust, ákvað hreppsnefndin hvessaemál-

unardaga 7 og 8 nóvember. Fyrri daginn átti að smala fyrir utan ána, og reka að og draga í sundur, á tilteknum stað, og var ákveðið að fá gamla Guðmund til að hjálpa þeim, við sundurdráttinn, — og átti Gunnar á Úlfsstöðum að útvega hann — eða svo var mér sagt —, síðan átti Guðmundur og annar maður til, með honum, að reka allan útíningin fram að Ökrum, — því þangað átti að reka öll óskila hross síðari daginn og draga aftur í sundur og taka síðan í vöktun, það sem ekki væri hirt".

Bóndi: „Já, nú skil ég hvað Guðmundur hefur átt að gjöra. Hann hefur átt að sýna þeim þar ytra, hvað þeir áttu og hvað þeir ekki áttu. Það datt mér þó aldrei í hug að þeir ekki þekktu hrossin sín. Ekki get ég ímyndað mér, að þeir séu svo mannfáir, að þeir hafi þurft að fá

sér hjálp, til að reka nokkur hross einu bæjarleið. Nei, það er frá létt. Hefur þú ekki heyrt, að það eigi að smala aftur ∴ í hreppnum?"

Gest.: „Nei, ekki hefi ég heyrt það; það verður lítilfjörlegur dráttur í því."

Bóndi: „Það er annars sorglegt að vita, hvernig það gengur til með ýmsu móti, þetta vöktunarlag sem hrossunum er sýnt. Það mætti þó ekki minna vera en menn reyndu að hafa þau vís, svo þeir gætu litið eftir þeim við og við og séð hvernig þeim liði. Þetta, að láta þau ganga hér og þar og flækjast stað úr stað, kalla ég mjög ómannúðlegt. Ég vona svo góðs, að stjórnendur hreppsins, láti ekki þetta ganga svo lengur, heldur reyni að koma á betra skipulagi með hrossahirðinguna heldur enn verið hefur fyrir farandi".

Gestur: „Já, það vona ég líka, fyrst

---

∴ hrossum.

við hæfum, nú spánýj horfellis-
lög; því nú er farið að setja á,
þótt seint sé, — og líklega að eiga
ekki hvassin að deyja úr meg-
urð eða fóðurskorti, fremur
enn aðrar skepnur".
Bóndi: „Veistu, hvað hey-ásetn-
ingsmennirnir ætla marga
hesta af heyi, handa hverju
hrossi?"
Gestur: „Onei, ekki hefi ég heyrt það;
ætli þeir séu nú ekki heldur fá-
ir. Þeir spyrja, að minni hyggju,
lítið um hús eða hey, handa
þeim. Það á naumast við sveit-
armáð alskan, sem skáldið
segir: „Þá eiga flestir hestar
hús og hey, í jötu sinni".
Bóndi: „Það álít ég þó gott að eiga
hey, til að kasta í hross, eftir
hörku hríðar, þótt ekki sé til
hús yfir þau öll".
Gestur: „Það segir þú hverjum ~~and~~
andi sannara; en þeir munu
nú samt vera of margir, sem
eiga hvorugt".

Bóndi: „Já, því miður".
Gestur: „Takk, fyrir góðgjörðirn-
ar!"
Bóndi: „Ekki að þakka".
Gestur: „Vertu nú blessaður og
sæll! Ég bið að heilsa kon-
unni þinni".
Bóndi: „Farðu nú sæll! Ég bið að
heilsa til þín".

---

## Takið eptir.

Þar eð herra Jóhannes Jónsson
hefur fundið sig knúðan, til að
gjöra miður viðfeldna athugasemd
við grein mína í 3. tölubl. „Ýljans".
Þá neyðist ég til að svara honum
rétt í þetta sinn, en það læt ég
hr Jóh vita að ég ætla mér ekki
að gjöra það optar, þótt hann kunni
að hnaða einhverju saman er mig snertir.
Nú ég ætla mér ekki að fara í neinar
ritdeilur við hann.
Hr. Jóh segir að ég hafi gjört athuga
semdir við grein sína og séu þær að

sínu áliti á mjög veikum grundvelli byggdar og að sumar stefni áfram en sumar aptur abak. Sannleikurinn er sá, að eg varð fyrstur til að taka undir það mál sem hann ritaði um. Eg hrakti hvergi grein hr. Jóh. en sagði aðeins mitt álit á málinu og hélt höfundinum fyrir ýmislegt, sem hann svo víst hefur tekið fyrir háð, en slíkt var alls ekki meining mín. Eg skoðaði málið frá báðum hliðum og viður kenndi að eg hefði ekki fulla þekkingu til að geta sagt nokkuð ákveðið um það og óskaði því að fleiri tækju til máls um það efni og sagðist vonast til að hr. Jóh. skrifaði meira um það því eg gat ekki búist við að hann gyti þessu afkvæmi í heiminn og hlypi svo frá því sem faðir toguðu því slíkt er kallað óræki.

Þetta er það sem hr. Jóh. kallar að stefna áfram en þó um leið aptur á bak par-ed við værum ekki á sama máli. Þetta er sú hugsunarvilla sem ekkert hefur við að styðjast, því hvað er heppilegra til að fá málið augljóst, en að tveir andstæðingar skrifi um það.

Svo kemur hr. Jóh. með þá makalausu setningu, að eg hafi bent honum á umtals efni; það getur nú varla kallast því nafni, þótt eg óskaði eptir að hann héldi áfram því málefni sem hann var byrjaður á. Nei, eg ætla mér hvorki að eyða tíma né kröptum til þess, hann má reiða sig á það, eg hefi nóg annað að gjöra. Aldrei heldur hefi eg ætlast til að hr. Jóh. færi að nafngreina þá sem honum þætti fara illa með hrossin og er það því meiningarlaust og skortur á bróðurlegum kærleika að minnast á slíkt, og það má hann vera viss um að mér er alveg sama hvað hann velur sér fyrir umtalsefni og þótt það væri eingöngu um mig. Svo kemur nú seinasta setningin hjá hr. Jóh. er hljóðar þannig:

„Það sem eg hefi skrifað er að mínu áliti, sem leikur byggður á þekkingu."
Þessu get eg vel trúað, að hann áliti sjálfann sig óskeikulann og dettur mér þá ósjálfrátt í hug maðurinn sem gjörði um sig vísuna þá arna:

„Eg er gull og gersemi,
gimsteinn elsku ríkur
Eg er djásn og dýrmæti.
Drottni sjálfum líkur."

Gísli Björnson.

---

# Opið bréf
## til Rósu í Brekku.
frá
## ritstjóra „Viljans".

Ritstjóri „Viljans" sendir Rósu í Brekku, kveðju guðs og sína.

— Þar sem þér hafið, í grein yðar, í 5. blaði „Viljans", látið í ljósi traust yðar til vor, það traust, að vér myndum styðja að rétti ykkar meðsystranna, — getum vér eigi annað enn látið „Viljann" flytja yður þakklæti vort fyrir það, því vér þykjumst vita, að það hafi verið af einlægni gjört.

Oss þykir grein yðar eftirtektaverð: bæði er hún vel rituð — kemur fram í blaðinu hér um bil óbreytt eins og þér senduð hana — og svo er hún svo einarðleg (eins og þér eruð sjálfar) að það má heita merkilegt, af stúlku, sem líklegast aldrei hefur ritað fyr.

Vér skulum í fám orðum, láta álit vort í ljósi um málefni það, sem þér ritið um. Vér hugsum oss að gjöra það rækilegra seinna, í blaði voru.

Í stuttu máli, erum vér alveg yður samdóma í því, að konur eigi að hafa jafnrétti við karlmenn. Vér komum eigi annari hugsun að, en að lífgjafinn hafi í upphafi gefið kvenmanninum <u>sömu réttindi</u>, <u>sömu helgi</u>-

leika, sama frjálsræði og sömu
kröfur til lífsins — og karlmann-
inum. Og þegar maður hugleiðir
sálarlíf kvenmannsins, þá
ber það þess vott, að hann stendur
ekkert að baki karlmannsins,
í því tilliti. Kvenmenn hafa
yfirleitt fleiri fínar sálarkosti,
en karlmenn, og þeir koma oft-
ast fram í blíðu, viðkvæmni og
viljafestu. Sálarþrek kvenn-
mannsins, er engu minna en
hjá karlmanninum, og gáfur að
jafnaði. Hugrekki alveg eins;
hugprýði og dyggð engu minni.
Og er hægt að sanna allt þetta,
með dæmum, þar kvenmenn
hafa gengið fram í lífsbarátt-
unni og unnið sigur.

Það er svo sem gefin vissa, að
margir mótmæla slíku og þá
ekki síður, þegar talað verður um
líkamsþrekið. En það hefur
kvenmaðurinn sannað hið
sama. Líkamsþrek hans, er
engu minna en hjá karl-
mönnum, þegar allt er tekið

til greina, og litið er til hins
sama veruleika. Þær eru ekki
eins sterkar að jafnaði, sem karl-
menn, en það verður að gæta
þess, að styrkleikinn er mest
æfing og þær venjast ekki þeim
störfum, sem mestan þrótt þarf
í vöðvana, — enda eiga þær
aldrei að vinna þyngstu verk-
in. Geta haft sama jafnrétti
fyrir það.

Og þær eiga að hafa alveg
sömu réttindi, — og vera jafn
frjálsar að hugsa, tala og vinna.
Vera jafn frjálsar að njóta gæða
lífsins.

En þetta hefir ekki verið svo.
Og réttur þeirra skammar-
lega troðinn og jafnvel svi-
virtur og það munum vér
sanna seinna.

Og á meðan, að kvenfólk
ekki hefur sín fullu réttindi
og vér karlmennirnir hjálp-
um þeim ekki til að njóta
þeirra, — á meðan verður bar-
áttan fyrir lífinu miklu meiri,

og lífsstríðið blandað um af drottnunarvaldi og yfirgangi karlmannanna.

Skemmtilegastur og beztur er sá leikur barnanna, sem fer þannig fram: að bræðurnir lofa systrum sínum að hafa sömu réttindi og sömu kröfur til gullanna og stjórnsemi þeirra, — sama frjálsræðið í leikjunum.

Já, þeir leikir fara æfinlega vel fram og enda æfinlega vel. — —

Skemmtilegasta og bezta og farsælasta hjónabandið er það, þegar hjónin eru sem einn maður, í öllu því, sem til þeirra lífstíðar lýtur. Þegar þau ráðgast um hvort við annað, hvernig þetta og hitt eigi að vera. Þegar þau gera allt sameiginlega og beygja sig hvort fyrir öðru, þ.e.a.s. láta ekkert atvik verða til þess, að vekja óánægju eða sundrung — slaka til hvort fyrir öðru.

Þegar þau ræða saman um allt og dylja ekkert og leita samþykkis hvort hjá öðru, bera samtraustið hvort til annars og virða athugasemdir og úrskurði jafnt hvort hjá öðru og s.frv.

Slíkt hjónaband er elskulegt og farsælt, og þá lifa hjónin saman í Paradís þessarar jarðar og höggormurinn fær ekki tækifæri til þess, að skemma þann frið, því hjónin varðveita hvort annað fyrir árásum hans.

Og arfur barna þeirra, verður einmitt sá, sem mölur og ryð getur ekki grandað. — —

Skemmtilegasta og bezta heimilið er það, þegar allir í heimilinu eru sem einn andi og ein hönd. Þannig: að hver, vill öðrum vel og enginn sýnir drottnunarvald, heldur eru allir samtaka í því að styðja heill og blessun heimilisins.

Vinnumaðurinn vinnur og

metur vel störf sinna konunnar, þótt þau séu allt önnur en hans, og álítur hana í alla stadi jafnvirdulega og sig, þótt þau ekki vinni ávalt sama verkid. Þá, í stuttu máli, þegar rétti hvers einstaklings er haldid óskertum og hver og einn nýtur ad fullu sinna eigin mannkosta. Þegar húsrádendurnir vilja hjúum sínum allt hid besta og borga þeim fyrir verkid en ekki kynid! og s frv.

Á slíku heimili býr réttlæti, fridur og ást. Og slíkt heimili er hinn lang-besti skóli fyrir börnin, því þad leidir af sér heill og blessun.

Þad er réttlætistilfinningin, sem leidir fram besta og farsælasta lífid; — sú tilfinning, ad hver og einn hafi fullan rétt ad njóta gæda lífsins, eftir því sem hann hefur krafta þar til.

Og þad er hrópandi synd, ad skerda þenna rétt, og þad er efalaust lang-mesta ábyrgdin, ad vardveita þenna rétt, sé madurinn yfir hann settur, eins og oft á sér stad, sérstaklega í tilliti til hinna málllausu dýra.

Þad þykir ódygd, ad skerda rétt fósturjardarinnar, en skyldi ekki vera enn verra ad misbjóda rétti þeim, sem módir og systir eiga ad halda óskertum?

Og medan, ad réttindi kvenna, eru ekki í samræmi vid réttindi karlmanna, getur samlífid ekki verid gott.

Þad er svívirdilegt ad kenna kvennfólkinu um allt böl og allt þad illa í heiminum.

Trúarbókin — biblían — kennir einum kvenmanni um, allt þetta! En Gudmundur Fridjónsson kennir þó fleirum um þad. Hann segir, í ritgjördinni: „Konan kemur í mannheim", ad úr Nordri hafi komid kvennfólkid med alla bölvun og allt lífsstríd. Fyrir slíka ritgjörd, hefdi verid maklegt ad setja Gudmund á Vitlausra-

manna spítalann.

Og á meðan vér getum hugsað, skulum vér halda uppi réttindum kvenna og halda því fram: að kvennmenn eigi að hafa jafnrétti við karlmenn.

Og oss þykir engin skömm að því að halda með blessuðu kvennfólkinu, — og látum oss engu skifta, hvað Ónefninn oss og illmálugar tungur, segja um oss, í því tilliti.

Og engan mann á þessari jörð, höfum vér átt eins góðan, og hana móður vora. Já, blessuð veri hennar minning!

Og að lokum, tökum vér hér upp hendingar úr „Minni kvenna“, sem vér orktum í sumar, á Þjóðmenningardeginum, og segjum:

Þær hafa verið landi og lýð,
til lukku, vegs og gróða.
Vér helgum ykkur, fljóðin fríð,
það fagra, sanna og góða.

Með virðingu!

# Nokkur orð um „áttavilluna“.

Í blaði okkar, „Viljanum“ hafa komið fram deildar meiningar um, hvort heppilegt væri að bregða frá málvenjunni: að kalla það í norður þegar við förum í austur.

Það er ekki í fyrsta skifti, sem þetta hefur verið tekið til athugunar, þó ég hafi eigi séð ritað um það fyr.

Menn hafa fundið til þess, hve mjög hin rétta austurátt hefur verið borin fyrir borð, í daglegu tali voru, og hve af mjög ríkjandi hin gamla venja er, að segja, að við förum norður — þó við förum eftir strykinu sem liggur í austur og jafnvel sunnan við austur. Það blandast auðvitað engum hugsandi manni hugur um, að þetta er þveröfugt við það sem er rétt og á að vera, en allt sem er rétt og satt, á að lifa og ríkja. Hið ranga og ósanna

á að hverfa og helst að gleymast, nema ef það væri geymt sterklega fjötrað um aldur og æfi, að eins til að sýna eftirkomendum vorum, hvað vér erum ótrauðir að feta oss áfram eftir veginum, sem liggur til hins sanna og rétta, og að vér elskum meir sannleikann en ranga málvenju, þá hún sé, fyrir vald vanans, orðin samgróin og ginnhelg huga sumra manna.

Ef við hugsum okkur, að við stöðum á miðpunkti norðurfjórðungsins og köllum norður þar sem austur er, af því að það er partur af fjórðungnum, þá finnst mér alls engu ótilhlýðilegra, að kalla norður sem vestur er, allt að vestur takmörkum fjórðungsins. Af hverju kemur það, að við segjum vestur fyr en vesturfjórðungurinn tekur við? Það er þá ekki í samræmi við þetta ónáttúrlega norður, sem menn hafa smíðað sér, í einhverju athugunarleysi og án nokkurrar þarfar. — Ég er viss um, að það myndi þykja all-óviðkunnanlegt, ef við komum upp með það nýmæli: að kalla norður í Húnavatnssýslu, og þá er það alveg eins rétt — að mínu áliti — og að kalla: norður í Eyjafjörð. Það sýnist auðráðið, að þessi málvenja á rót sína fyrir sunnan, því við tölum eins og við værum þar, — þegar við gleymum austuráttinni í norðurfjórðungnum. Nú erum við ekki fyrir sunnan, þess vegna er ómögulegt að við megum tala um landsfjórðungana í sömu áttum frá okkur, og sunnlendingar gera frá sér. Getum ekki fellt okkur við annað, en það sé rétt og heppilegt að tala frá þeim stað, sem við erum á, og að það sé nauðsynlegt að breyta til samkvæmt afstöðunni.

Það ætti að vera hverjum manni ljúft, að sleppa hinu ranga úr ræðu og riti, hve gamalt sem er, og láta ekki gamla hefð, helga það svo í huga sér, að fyrir það sé hinu sanna og rétta vísað burt á dyr — þegar

skynsemi og samfæring vilja leiða það til sætis.

Mér hefir ætíð verið kennt, að það væri mjög mikil framfara fólgin í því, að geta hrundið hinu ranga og ósanna, en komast til viðurkenningar sannleikans í hverju efni sem er, og ég hefi talið það, ekki einungis rétt, heldur líka sjálfsagða skyldu, að fram fylgja hinu sanna og rétta og berjast af öllum kröftum undir merkjum þess, hvort heldur það er gamalt eða nýtt, og ég álít, að við ættum ekki að láta ástæðin þau spor, sem við getum stigið í þá átt, því þau verða sjálfum okkur til sóma og fósturjörðunni til upphefðar.

Það er þess vegna, að ég skil ekki okkar ágæta prest, þar sem hann kallar það að vísa í „öfuga átt" frá ættjarðarástinni, að vilja láta segja í austur, þar sem það í raun og sannleika er.

Mér virðist það einmitt benda á ást, á tungu vorri, að vilja og reyna að taka í burt öfugmælin og vitleysurnar sem enn eru allt of margar — og það yrði fósturjörðu vorri efalaust til gagns og sóma, ef við getum eitthvað gert fyrir hana, í þá átt. Yfir höfuð, ef vér getum tekið burt allt sem rangt er, hvernig þjóðlegt sem það kann að virðast í fljótu bragði, fyrir gamla venju, en komið hinu sanna og rétta fram úr dimmunni, þá er ég viss um, að enginn yrði svo ósanngjarn að bera oss það á brýn: að vér hefðum gert fósturjörðinni rangt til óafvitandi!

Þorleifur Jónsson.

# Pétur og Páll.

(Aðsent að mestu).

Páll: (Kemur inn til Péturs með hattinn í hendinni). „Sæll og blessaður, Pétur minn!"

Pétur: „Kom þú ætíð sæll, vinur! og hvað er nú títt? Ætlar þú ekki

að ganga í lestrarfélagi okkar?"

Páll: „Og ég veit nú ekki, — ekki hefur það nú verið ætlun mín — því bæði þykir mér það dýrt og svo á ekki við mig þetta framfarar-brambl. Þú getur líklegast eitthvað sagt mér um blaðinu ykkar!"

Pétur: „O já, Páll minn, — þeir skrifa nú um æði-margt og flest af því er að mínu áliti, gagnlegt og líka skemmtilegt.

Páll: „Nú, — skrifað! — það þykir mér stór ókostur að það er ekki prentað". (Tekur í nefið). „Nú, ég held það sé þá ekki merkilegt". (Hóstar). „Um hvað hafa þeir þá skrifað?"

Pétur: „Þeir hafa t.d. skrifað um átta villur, prestinum og ritstjóranum".

Páll: „Átta villur! — Nú það væri gaman að heyra það. Ég hefi stundum orðið áttavilltur og komist í hann fullkrappan".

Pétur: (Glottandi). „Það er nú ekki sú meining, Páll minn!"

Páll: (Tekur í nefið). „Nú fer ég að skilja! Átta villur — já, átta villur! Skárri er það nú fjáld-

inn! Eða hver fékk allar þessar villur? Voru þær á prófinu í vor?"

Pétur: (Hlæandi). „Og ekki var það nú. Þeir rita um áttavillur í daglegu tali, t.d. þegar sagt er norður í Svarfaðardal. Það vill annar þeirra ekki hafa og vill láta segja: austur í Svarfaðardal".

Páll: (Hóstar). „Nú, er það svona! Það er þá ekki mikið púður í því". (Tekur upp dósirnar). „Nú eitthvað er það nú fleira, sem blaðið flytur".

Pétur: „Já, þar er ritað um hrossin, og þykir þeim meðferðin slæm, hjá okkur bændum og segja, að hún þurfi lagfæringar við. Og í sambandi við það, hafa þeir minnst á dýraverndun".

Páll: (Tekur fast í nefið). „Dýraverndun! slæm meðferð! hvað er þetta! Allan skrattann rita þeir um. — Ekki geðjast mér nú að þessum lofts-köstum! Kannske þeir vilji að farið sé með hestana alveg eins og kýrnar!"

Pétur: (Brosandi). „Þeir hafa nú svo sem skrifað um fleira, t.d. partulanna og um andlega fæðu".

Páll: (Klórar sér í hnakkanum). „Æ,

blessadur hellir! Hvada óskóp
eru á mönnunum: ad hafa
guds ord innan um þetta
átetis hrossastagl og ótta vill-
ur! — Veit presturinn af þessu?"
Pétur: (Alvarlegur). „Sussu já; hann hefur
meira ad segja skrifad sjálfur
um þad".
Páll: (Tekur upp dósirnar). „Ó, hvílík
mæda, ad hann skuli lenda í
þessu! Skyldi ekki vera hætt
vid ad hann, blessadur, missti
hempuna, ef biskupinn frétti
þetta!"
Pétur: „Og ekki mun þad nú verda.
Þeir hafa líka skrifad um
stundaklukkur fornaldar eda
sigurverka sturlun".
Páll: (Tekur í nefid). „Nú, er þad ein-
hver pesti, eda hvad?"
Pétur: „Já, ad nokkru leyti. Þeim þyk-
ir klukkurnar útlitlar hjá
okkur, og segja, ad þeim ~~beri~~
ekki vel saman og séu full
fljótar".
Páll: „Heyr, á endemid! Hvernig
ætla þeir ad laga þad? „Of fljótar!"
Aldrei hef ég nú heyrt annad eins!

Upp á flestu taka þeir, þessir
loftkastalamenn. Ég er viss um,
ad fólkid hjá mér, færi ekki úr
rúminu fyrri enn um midjan
dag, ef ég hefdi ekki klukkuna
svona fljóta. Hver kom annars
upp med þetta?"
Pétur: „Þad gjördi búfrædingurinn;
og mun hann eitthvad geta sagt þér
ef þid finndust."
Páll: „Búfrædingurinn! — Honum ferst
þad. — Svona geta þeir látid þessir
karlar og búa þó ekkert betur enn
adrir".
Pétur: „Þad hefur líka kvennmadur
skrifad um menntun og önnur
um réttindi kvenna".
Páll: „Þeim ferst þad, sem allt af eru
ad þvo sér og greida".
Pétur: „Ritstjórinn sjálfur hefur líka
verid ad koma med smá kvidlinga
í bladinu, eftir sig".
Páll: „Smá kvidlinga! Ritstjórinn!
Honum ferst þad — sem hefur ekki
búid til eina einustu rímu —
og er í raun og veru enginn
hagyrdingur. Bara leirmodari!"

Pétur: „Þeir hafa líka skrifað um, þegar skvákvað er að börnunum".

Páll: „Nú! — Þeir ættu þá ekki að ljúga hver að öðrum, blessaðir. Eins og þegar sagt var, að Jón á Hóli væri dáinn, en sem var andskotans lygi".

Pétur: „Þú ert nú líka bláttáfram ósanngjarn maður, Páll minn! Þér þykir ekki varið í neitt nema nuglið úr sjálfum þér."

Páll: (Tekur upp dósirnar og slær á lokið). „Ég vil ekki heyra neitt af þessu breytinga glamri. Þeir þykjast geta vitað um allt og vilja helst breyta öllu og snúa því við, en eru þá sjálfir ekkert meiri menn en hinir sem lofa því gamla að vera í friði".

Pétur: „Það getur nú vel verið, að sumir þessir framfara menn séu hvorki efnaðri eða meiri búmenn, en hinir, sem vilja engar breytingar. Það væri ósanngjarnt að heimta það að hver og einn geti fram-

fylgt hugsun sinni í verkinu æfinlega — og ég efast um að þú getir það sjálfur!"

Páll: „Nú það er þá ekki til neins að vera að hugsa, og segja að þetta og þetta eigi að vera svona og svona — og koma upp með ýmiskonar bágbiljur og aðfinningar".

Pétur: „Það eru sumir svoleiðis gjörðir að þeim þykir ekkert í neitt það varið sem ekki er samgróið við þeirra eigin daglegu hugsun — hversu vitlaus sem hún kann að vera, í sumum greinum —. Og þú ert einn af þeim mönnum, Páll minn sæll!"

Páll: „Hvernig getur manni þótt í það varið, sem þessi eða hinn segir að eigi að laga, en getur ekki lagað það sjálfur —, og eru því með sínum skuggofum og brestum eins og hinir, sem þeir eru þá að vanda um við?"

Pétur: „Það hefir nú ávalt gengið

svo til, Páll minn. Hinn góði faðir bannar börnunum sínum eði margt, sem hann þá einmitt sjálfur fremur í augsýn barnsins. Hennarinn bannar fyrir börnunum ýmislegt, sem þau eigi ekki að gjöra, en sem hann er ekki alveg laus við, af því hann er syndugur maður. Presturinn líka bannar fyrir söfnuði sínum margt, sem hann þó máske er ekki sjálfur laus við, — en heldur því fastlega fram að nauðsynlegt sé að forðast. Þetta er allt eðlilegt. Og mætti lengi gera glósur og fingraför út í þá sálma, af þeim, sem ekki ráðvandlega athuga málið".

Páll: (Tekur í nefið). Já, það getur nú verið, en ég vil ekki að einn maður, sem er ekki öðrum fremri, sé að finna að við gamla og góða bændur eða sveitunga og segja, að

þetta og hitt þurfi nú að gera og þetta eigi nú að fara og hitt að koma —, en getur sjálfur ekki gert það eða framfylgt því".

Pétur: „Það getur margt hamlað því, að einstaklingurinn, sem bendir fyrstur á gallana eða mælir með breytingunni, geti ekki framfylgt því í verkinu. T.d. ef einhver segði (um steininn sem er í götunni og sem ár eftir ár hefur verið hinn mesti farartálmi og jafnvel skaðlegur): „Það þyrfti að taka steininn úr götunni". Þá er ekki hægt annað að segja, en þessi maður, hver helst sem er, hafi satt að mæla og fari fram á sanngjarna og nauðsynlega breytingu. En svo kemur hinn ósanngjarni og segir: „Nú, taktu hann þá í burtu. Láttu sjá að þú sért meiri en hinir, og að

það verði meira enn tóm orðin". En svo sem benti á steininn, vissi vel að hann (steininn) var ekki sitt meðfæri, heldur þyrfti marga að leggja krafta sína saman til þess, að hafa hann burtu. En hann hélt meiningu sinni áfram og talaði um það, uns menn tóku sig saman og veltu steininum á burt, — og þá dáðust allir vegfarendur að veginum og breytingunni á eftir. En það var þessum einstakling að þakka sem fyrstur hafi umtalið um steininn. — Og svona er það í ýmsum greinum.

Páll: „Þetta getur nú vel verið. En að blaðið ykkar vinni gagn eða sé skemmtilegt eða það sé margt þarft af því, sem þið eruð að rita í það, — því get eg nú ekki trúað, og eg gæti nú best trúað því, að það væru nú æði-margir, sem þætti lítið til þess koma".

Pétur: „Okkur er alveg sama hvað hver segir um blaðið". En það lýsir spilltum hugsunarhætti að ætlast til að blaðið sé óaðfinnanlegt; ætlast til, að ritað sé um allt; ætlast til, að ritað sé um það, sem aldrei hefur áður heyrst, og s. frv. Við sem gefum út blaðið, gerum það alls ekki til þess, að vinna okkur hrós eða heiður með því.

Páll: „Nú til hvers eruð þið þá að gefa það út?"

Pétur: „Einmitt til þess, að reyna til að vekja menn af gömlum andlegum svefni, sem máske á sér meiri eða minni stað enn, hér hjá okkur.

Vita hvort sjóndeildarhringurinn getur ekki stækkað; vita hvort ungt fólk vill ekki æfa sig í því að hugsa skipulega og rita laglega.

Vita hvert blaðið ekki getur vakið hugi manna á því, að menn eiga ekki að standa í stað, heldur líta til þess, að nauðsynlegt sé að fylgja kröfum tímans; reyna til að smá þoka sér áfram á þeim vegi, sem liggur til farsældar og heilla. Í stuttu máli; — blaðið á að ráta til á akrinum og gera þjóðveginn lausari og meðtæki-legri fyrir frjófgun andans-in.

Páll: „Og svei! — Eg skil nú ekki þessa hugmynd þína, eða þennan „akur"! . . . .

Pétur: „Það getur nú vel verið . . . En það getur þú nú séð Páll minn, að blaðið kostar nú sama sem ekki neitt og er ætlast til að það skemmti og fjörgi, og fræði menn, á hinum löngu vetrar-kvöldum, — finnst þér

það ekki, að það sé hálf-leið-inlegt fyrir lesarann, að hnjóða í það og færa ýmis-legt út á verra veg, af því sem í því stendur. En minn-ast máski ekkert á sumt, í blaðinu, sem aðdáanlegt er. Og þetta gera máski helst þeir, sem enga hönd leggja að útgáfu blaðsins, og enn ekki færir um að gera betur. Ritstjóri þess, ver miklum tíma til þess, að skrifa það og hefur ýmislegt á móti þar fyrir, og því er ekki rétt, að launa honum það aftur með vanþakk-lagi og máski tómum útá-setningum."

Páll: (Klórar sér í hausnum.) „Já, það . . . Hvað er annars orð-ið framorðið?"

Pétur: „Klukkan er eina fjórða-part gengin fjögur."

Páll: „Sussu, sussu! Eg má til að fara! Vertu nú æfinlega

blessaður og sæll!" (Rekur að Pétri einn langakossinn).

Pétur: (Glottandi:) „Vertu nú sæll! Og ég þakka þér komuna, Páll minn!"

Páll: „Skyldi vera óhætt að ganga beint yfir lækinn?"

Pétur: „Já, það var farið áðan yfir hann með kýr. Þú ert varla þyngri!"

B. & S.

---

# „Viljinn"

Sveigðu fyrir svarta tangann,
— svo þú komist rétta leið —;
stikaðu þéttan, stóran, langan,
stattu kyr em sporið greið;
vegðu fljótt, það vit er meina;
vertu hann em blíður þá;
höggva skaltu ekki' af eyna,
andstæðings, því kyr er nóg!

---

Ritstjóri: Baldwin Bergvinnsson.

blessaður og sæll!" (P...
Pétri einn langaka...
Pétur: (Glottandi)." Ventu ...
Og ég þakka þér kom...
minn!"
Páll: "Skyldi vera óhæt...
beint yfir lækinn?"
Pétur: "Já, það var farið ...
yfir hann með kýr. ...
vanta þyngri!"
B. &...

# Vilj... "...

Sveigðu fyrir svarta ...
— svo þú komist rétta ...
stikaðu þéttan, stóran ...
stattu kyr em sporið ...
vegðu fljótt, það vit er ...
verðu hann em blíðun...
höggva skaltu ekki í ap...
andstæðings, því fyr e...

Ritstjóri: Baldvin Bergví...